

Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar fyrir rekstrarárið 2021-2022

Fimmtudagur 15. desember klukkan 20:00

Steindór Kristinn setti fundinn og bauð félagmenn sem mættir voru velkomnir. Steindór tilnefndi fundarstjóra og ritara sem voru samþykktir einróma. Fundarstjóri var kosinn Jón Steindór Árnason og fundarritari Jón Heiðar Sigurðsson. Jóni Steindóri var síðan gefið orðið.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

- Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis
- Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9 grein
- Kosning stjórnar og varamanna í stjórn
- Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein
- Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara
- Ákvörðun árgjalds skv. 4 grein
- Lagabreytingar
- Önnur mál

Fundarstjóri tók til máls máls og staðfesti að fundurinn hefði verið boðaður með viku fyrirvara og væri því lögmatgur skv. lögum klúbbsins. Fundarstjóri gekk því næst til dagskrár og gaf formanni GA, Bjarna Þórhallsyni orðið til að fara yfir skýrslu stjórnar.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

Bjarni byrjaði á því að minnst látinna félaga á starfsárinu og bað fundargesti um að rísa úr sætum og fór síðan í gegnum skýrslu formanns sem hefur verið birtur á heimasíðu golfklúbbsins.

2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

Steindór, framkvæmdarstjóri, gerði grein fyrir ársreikning GA. Tekjur ársins voru rétt tæplega 203 milljónir samanboreð við rúmlega 210 í fyrra. Mótatekjur lækka og vallargjöld en árgjöld hækka um rúmlega 7 milljónir á milli ára. GA með hæstu tekjur af mótahaldi af stærstu klúbbum landsins. Golfverslun GA veltir 23,5 milljónum sem er það mesta sem golfbúð innan golfklúbbs gerir á landinu.

Rekstargjöldin rétt um 183 milljónir samanboreð við 178,5 milljónir í fyrra.

Hagnaður rekstarársins var tæpar 14 milljónir eftir fjármagnsliði samanboreð við 26,3 milljónumkr í fyrra.

Heildarskuldir lækka um 18 milljónir á milli ára og einnig höfum við náð að fjárfesta í nýjum tækjum fyrir um 12 milljónir.

3. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur samkvæmt 9 grein

Fundastjóri bauð fundarmönnum að ræða skýrslu stjórnar eða ársreikning. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Skýrsla stjórnar og ársreikningur var því næst borinn upp til samþykktar og var hvoru tveggja samþykkt einróma á fundinum.

4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

Stjórn GA fyrir rekstrarárið 2022-2023

Sho

Aðalstjórn

Bjarni Þórhallsson – formaður	eitt ár
Jón Steindór Árnason – varaformaður	seinna ár
Skúli Eyjólfsson – ritari	seinna ár
Guðlaug María Óskarsdóttir – gjaldkeri	fyrri ár
Eygló Birgisdóttir – meðstjórnandi	fyrri ár

Varamenn í stjórn

Finnur Bessi Sigurðsson	eitt ár
Vígfús Ingi Hauksson	eitt ár

Engin mótframboð voru í stjórn eða varamenn í stjórn og var stjórn GA samþykkt á fundi.

Kosning og/eða tilnefning í aðrar nefndir, sbr. 8 grein

Kosið var í nefndir á vegum GSÍ - tillaga uppstillinganefndar

Vallarnefnd:

- Jón Steindór Árnason
- Jón S. Hansen
- Eyþór Hrafnar Ketilsson
- Halla Sif Svavarsdóttir
- Heimir Jóhannsson

Kappleikjanefnd:

- Jón Heiðar Sigurðsson
- Baldur Ingi Karlsson

Aganefnd:

- Björn Axelsson
- Stefán Jónsson
- Eiður Stefánsson

Forgjafanefnd:

- Jón Heiðar Sigurðsson
- Tryggvi Jóhannsson
- Hjörtur Sigurðsson

Tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt af meirihluta fundarmanna.

Fundarstjóri bar fram tillögu um skoðunarmenn ársreiknings

Skoðunarmenn ársreiknings fyrir rekstarárið 2022-2023 voru tilnefndir John Júlíus Cariglia og Sveinn Pálsson og var það samþykkt af fundargestum.

Ákvörðun árgjalds skv. 4. grein

Borin var upp tillaga af árgjöldum fyrir næsta ár sem lá fyrir á fundinum:

Flokkur	Verð
10 ára og yngri	38.000 kr.
11-14 ára	43.000 kr.
15-18 ára	57.000 kr.
19-26 ára	69.000 kr.
27-66 ára	131.000 kr.
67 ára og eldri	107.000 kr.
Nýliðar	107.000 kr.

Tekin var umræða um hjónagjald, GA, GB, GL og GS eru einu klúbbarnir með hjónagjald, einnig er GA með hjónaafslátt af öldungagjaldi sem er hvergi annars staðar. Aðrir klúbbar hafa verið að hækka öldungaaldurinn í 71+ undanfarin ár. Meðlimir golfklúbba eru að eldast og hafa aldursviðmið verið að breytast með því.

Meira innifalið í árgjaldi GA en undanfarin ár, afsláttur í hermum allt árið, aðgangur af golfbílaleigukortum, afsláttur af boltakortum og innifalið birdie-kort á Klappir.

Formaður talar um að meðaltalsárgjald hafi verið rúmlega 63.000kr á klúbbfélaga enda margir ungir í klúbbum.

Farið yfir opnunartíma Jaðarsvallar samanborið við aðra golfklúbba landsins.

Steindór talaði um alla þessa hluti og árgjöld voru síðan borin upp til samþykktar og voru þau samþykkt samhljóða.

Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lágu fyrir á fundinum.

Önnur mál

Rekstaráætlun ársins 2023

Steindór fór yfir rekstaráætlun ársins 2023. Áætlaðar rekstrartekjur ársins 2023 eru 218 milljónir, árgjöld, golfbúð og veitingasala hækka og aðrar lítilsháttar hækkanir. Áætluð rekstrargjöld eru 197 milljónir en launakostnaður hækkar töluvert vegna launahækkanna í samfélaginu ásamt rekstri á golfvelli þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir á vellinum. Áætlu ebita rekstarársins 2022-2023 er 33 milljónir og hagnaður eftir fjármagnsliði 14,2 milljónir. Spurning úr sal í sambandi við áætlaðan kostnað í tæki og Steindór svarar því að það sé um 10 milljónir. Stutt sé í endurnýjun á traktor, fleiri róbótar vonandi á leiðinni sem geta þá séð um röffsvæðið á seinni 9 holum vallarins. Einnig er verið að fjárfesta í þremur MeVo golfhermum sem verða staðsettir á sláttursvæðinu í Golfhöllinni sem mun hjálpa fólki við að æfa sig. Kostnaður við hvern og einn er rétt rúmlega 300.000kr.

Kylfingur ársins og háttvísibikar GA

Heiðar Davíð kom í pontu og tilkynnti hver er kylfingur ársins og hver fær háttvísibikar GA. Valur Snær Guðmundsson fær háttvísibikar GA, hann er búsettur á Húsavík en hefur æft með GA undanfarin þrjú ár og lækkað forgjöf sína úr 54 í 1,3.

Andrea Ýr Ásmundsdóttir er kylfingur GA 2022. Andrea var valin í landsliðshóp GSÍ núna í haust og hefur verið að spila stöðugt golf með sýnu liði í Elon háskólanum.

Orðuveitingar

Steindór og Bjarni byrjuðu á því að veita afreksmerki GA en það fá þeir sem hafa orðið Akureyrarmeistarar, Íslandsmeistarar eða valdir í landsliðshópa GSÍ. Það voru þeir Heiðar Kató Finnsson og Eyþór Hrafnar Ketilsson sem fengu afreksmerki GA.

Þá veittu þeir gull og silfurmerki GA til ötula sjálboðaliða klúbbsins sem hafa unnið gríðarlega óeigingjarnt starf fyrir golfklúbbinn en GA á gríðarlega sterkan hóp sjálfbóðaliða sem leggur klúbbum liðshönd á ári hverju.

Silfurmerki GA:

Karl Haraldur Bjarnason

Heimir Finnsson

Örn Viðar Arnarsson

JMS

Viðar Þorleifsson
Hafberg Svansson
Þorsteinn Konráðsson

Gullmerki GA:
Þórhallur Pálsson
Guðmundur E. Lárusson
Heimir Jóhannsson

Fundarstjóri gaf formanni GA orðið til að ljúka fundinum og þakkaði Bjarni fundargestum fyrir fundinn og sleit honum. Fundarstjóri fékk umboð fundarins fyrir starfsmenn hans að ljúka við ritun fundarins og sleit fundinum.

Fundi slitið 21:07

Fundarritari: Jón Heiðar Sigurðsson

Fundarstjóri: Jón Steindór Árnason

Jón Heiðar Sigurðsson
Jón Steindór Árnason

JHS